

Fiskeldisfréttir

EFNISYFIRLIT

ÁRSSKÝRSLA DÝRALÆKNIS FISKSJÚKDÓMA	1
DR. RANNVEIG BJÖRNSDÓTTIR	1
STYRKIR ÚR AVS SJÓÐNUM OG FLEIRI SJÓÐUM	2
ÁRSSKÝRSLA KELDNA 2009	2
FRÉTTIR Á VEF SAMTAKA ATVINNU-LÍFSINS	3
VÖKTUN Á EITRUDUM ÞÖRUNGUM	3
SJÁVARÚT-VEGSRÁÐ-STEFNAN	4

ÁHUGAVERT OG JÁKVÆTT

- Fjarðarlax að setja laxaseiði í sjókví sem er 160 m í ummál
- AVS sjóðurinn styrkir yfir 20 verkefni
- Tæknipróunarsjóður styrkir tvö verkefni
- Sjávarútvegsráðstefnan í september
- Gert er ráð fyrir lítillhátta framleiðsluaukningu árið 2010

ÁRSSKÝRSLA DÝRALÆKNIS FISKSJÚKDÓMA

Í ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma kemur fram: „Árið 2009 átti sér stað merkjanlegur viðsnúningur með jákvæðum formerkjum á flestum sviðum fiskeldis hér á landi. Eftir að hafa búið við ofursterkan innlendan gjaldmiðil í mörg ár hefur dæmið snúist við og eru bjartar horfur framundan með tilliti til framleiðslu og útflutnings eldisafurða. Mikill hugur er hlaupinn í eldismenn og hafa fyrirtæki ráðist í fjölbreyttar framkvæmdir allt í kringum landið til að auka við afkastagetu. Það má segja að rykið hafi verið dustað af nánast öllum eldisstöðvum sem af ýmsum ástæðum ekki hafa verið í notkun á liðnum árum og eru þar komnar í gagnið eða við það að hefja rekstur, annað hvort af fyrirverandi rekstraraðilum eða nýjum fjárfestum. Ásókn í sjókvíaeldi á laxi jókst einnig til muna þegar leið á sl. ár.”

„Alls voru 42 fiskeldisstöðvar í rekstri árið 2009 og fór dýra-

læknir fisksjúkdóma í 96 vitjanir í þessi fyrirtæki á árinu. Á heildina lítið var heilbrigði eldisdýra í góðum farvegi og engin teljandi áföll tengdum sjúkdómum litu dagsins ljós. Auk mikils eftirlits með smitsjúkdómum, ekki síst nýrnaveiki, átti sér stað markverð aukning í sýnatökum til greiningar á fjölda veirusjúkdóma. Sívaxandi kröfur eru gerðar til þess að fisksjúkdómayfirvöld sýni með óyggjandi hætti fram á fjarveru smitefna með hjálp nýjustu greiningaraðferða. Í skjóli einstakrar sjúkdóma-stöðu, ekki síst m.t.t. alvarlegra veirusýkinga, varð talsverð aukning í útflutningi hrognna og seiða til áframeldis í fjölda löndum.”

„Bleikjueldi dróst eilítið saman á liðnu ári en heldur samt sínu leiðandi hlutverki á flestum sviðum. Laxeldi er aftur að ná sér á strik í seiða- og áframeldi eftir að hafa nánast þurrkast út en heldur áfram að sækja í sig veðrið á

kynbóta- og klakfiskasviði. Regnbogasilungur er á ný að verða marktæk eldistegund eftir að hafa legið niðri um nokkurra ára skeið og þorskurinn bætti við sig. Alls var slátrað um 5.146 tonnum af eldisfiski og kræklingi árið 2009.

Slóð: www.mast.is/utgafa/arsskyrslur



Fjarðarlax er nú að koma fyrir tveimur sjókvímum í Tálknafirði. Stærri kvínn er 160 metrar í ummál og er stærsta sjókví sem notuð hefur verið hér við land. Fyrirhugað er að setja um 260.000 laxaseiði í kvíarnar í júlí og ágúst.

DR. RANNVEIG BJÖRNSDÓTTIR

Nýlega varði Rannveig Björnsdóttir doktorsritgerð sína „Bakteríuflóra á fyrstu stigum lúðueldis“ (The bacterial community during early production stages of intensively reared halibut (*Hippoglossus hippoglossus* L.)). Niðurstöður doktorsverkefnisins varpa skýrara ljósi á þróun bakteríuflóru á fyrstu stigum lúðueldis og hugsanleg

áhrif samsetningar flórunnar á lifun og þroska frá frjógvun eggja til loka startfóðrunar. Mikil og skyndileg afföll eru vandamál á þessum fyrstu og viðkvæmstu stigum eldisins og ekki hvað síst fyrstu vikurnar í fóðrun þegar lirfurnar þurfa á lifandi fóðurdýrum að halda. Niðurstöður sýna enn fremur að breytingar

á umhverfisþáttum höfðu veruleg áhrif á fjölda og samsetningu bakteríuflórunnar þar sem unnt reyndist að örva ósérhæft ónæmi lirfa við meðhöndlun fæðudýra með vatnsrofnum fiskipróteinum og bætt lifun fékkst við meðhöndlun fóðurdýra með bakteríustofnum sem voru ríkjandi í meltingarvegi lirfa með góða afkomu.

Slóð: www.matis.is/um-matis/frettir/2010/04/05/nr/2818

VERKEFNI SEM AVS SÓÐURINN STYRKIR ÁRIÐ 2010

AVS sjóðurinn styrkir á árinu 2010 rúmlega 20 fiskeldisverkefni.

Framhaldsverkefni:

1. Íslensk bleikja á Bandaríkjamarkað, markaðsátak 2007-2009.
2. Íslensk bleikja á Evrópu-markað, markaðsátak 2008-2010.
3. Induction of triploidy by pressure shock on Atlantic cod.
4. Vaxargeta eldisþorsks.
5. SALCOD: Áhrif seltu á vaxtarhraða...
6. Kjöreldisferlar í lírfueldi á þorski.

7. Bætt frjövgun lúðu-hrogna.
8. Þróun á fóðurbóluefni fyrir fisk.

Ný rannsóknaverkefni:

1. Nýir ferlar við vinnslu á eldisþorski.
2. Próteinþörf bleikju 2010
3. Markaðsrannsókn og markaðsátak fyrir há-gæða hvítfisk úr íslensku hlývatnseldi.
4. Áhrif fiskpróteinmeltu á þroska þorsklirfa.
5. Mótefnasvörun bleikju eftir bólusetningu.
6. Gæða kræklingur er gullis ígildi.

7. Greining og sýkingarferli nýrnaveikibakteríu í bleikju.
8. Ójafn vöxtur hjá eldisbleikju yfir einu kíló, áhrif mismunandi seltuferla á vöxt og líffræði.
9. Kynbætur á þorski og seiðaeldi.

Smáverkefni:

1. Ræktun á beltispara til manndis.
2. Afföll á aleldisþorski.
3. Miðlun þekkingar til fiskeldismanna.
4. Bleikjueldi í landeldisstöðvum.

Slóð: www.av.is/frettir/nr/1971

ÁRSSKÝRSLA KELDNA 2009

Í ársskýrslu Keldna er að finna gott yfirlit yfir rannsóknaverkefni innan fiskeldis sem eru unnin innan stofnunarinnar. Heiti á nokkrum þessara verkefna er að finna hér að neðan og er vísað í ársskýrsluna til nánari upplýsinga.

- Rannsóknir á *Gyrodactylus* sníkjudýrum á villtum þorski og eldisþorski beggja vegna Norður-Atlantshafsins.
- Rannsóknir á sníkju-sveppnum *Loma morhua* í þorski við Ís-

land og Kanada.

- Æxli í gervitálknum þorsks af völdum sníkjudýrs (x-cell).
- Afföll þorsks í kvíum.
- Áhrif seltu á vaxtarhraða, fóðurnýtingu og líffræði þorsks.
- Forvarnir í fiskeldi.
- Nýrnaveiki í laxfiskum: greining sýkingar og framvinda sjúkdóms.
- Rannsókn á sameindalíf-fræði og lífvirkni AsaP1 úteiturs *Aeromonas salmonicida*.
- Rannsókn á samspili

hýsils og sýkils í sýkingu bleikju (*Salvelinus alpinus*) með bakteríunni *Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes*

- Rannsóknir á bráðasvari í þorski.
- Sýkingarmáttur *Moritella viscosa*, sýkiþættir í seyti.
- Þróun á fóðurbóluefni fyrir fisk.

Slóð: www.keldur.is/arsskyrslur_0

ÝMSIR SJÓÐIR SEM STYRKJA FISKELDI

Tækniþróunarsjóður

Sjóðurinn hefur styrkt fiskeldisverkefni á undanförunum árum. Í vor styrkti Tækniþróunarsjóður tvö ný verkefni en þau eru:

- Tæknilausnir sem auðvelda kræklingarækt í kafi á opnu hafi.
- Hlývatnseldi á hvítfiski.

Verkefnissjóður sjávarútvegsins

Þó það sé ekki tilgangur sjóðsins að styrkja fiskeldi

eru verkefni sem sjóðurinn styrkir sem tengjast fiskeldi. Hér er um að ræða fjögur verkefni á árinu 2010 og sem eru:

- Tilraunarrækt náttúrulegs dýrasviðs og gæði dvalareggja.
- Íslenskir firðir: Náttúrulegt lífríki Ísafjarðardjúps og þolmörk mengunar.
- Forsendur skelræktar í Steingrímsfirði.
- Möguleikar sameldis

Atlantshafsþorsks og kræklinga.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Styrkir á árinu 2010 liggja ekki fyrir en árið 2009 styrkti sjóðurinn eftirfarandi verkefni:

- Skilgreining á kjöreldis-aðstæðum í bleikjueldi.
- Bleikjusmyrja, framleiðsla í viðbíti.
- Öggur, bleikjueldi í Hjalatald.



Árni Ólafsson einn af eigendum Bæjarvíkur ehf. sem er með eldi á Gileyri í Tálknafirði.

Fjöldi opinberra sjóða styrkja rannsókna- og þróunarverkefni í fiskeldi og er yfirlit yfir flest þeirra að finna á þessari síðu.



Ólafur Haraldsson hjá Einherja ehf. í Patreksfirði að fódra þorsk. Ólafur fangar smáþorsk og fóðrar hann á heilum fiski þar til hæfilegri stærð er náð.

RIFÓS Í KELDUHVERFI

Á vefsíðu Samtaka atvinnulífsins er að finna ágæta kynningu á fiskeldisstöðinni Rifósi í Kelduhverfi en þar er alin bæði bleikja og lax og þar á bæ eru menn stórhuga. Stefnt er að því að stækka stöðina umtalsvert þannig að ársframleiðslan verði um 1000 tonn en í dag annar Rifós ekki eftirspurn eftir vörum fyrirtækisins. Í vinnslu Rifóss er unninn fiskur alla virka daga ársins og er fyrirtækið mikilvægur

vinnustaður í Kelduhverfi með 12 fasta starfsmenn en ársverk eru um 15. Afurðirnar fara mest til útflutnings, einkum til Bandaríkjanna. Rödd atvinnulífsins, mánudaginn 19. apríl, á Hlífur Karlsson, framkvæmdastjóri Rifóss.

Hægt er að horfa á viðtalið við Hlífur auk þess að fjalla

um rekstur Rifóss, ræðir hann um ástandið í atvinnu-málunum, áhugaleysi á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og framtíðina. Hann segir þörf á að því að ná auknu jafnvægi og stöðugleika í efnahagslífið en leiðin geti ekki legið nema upp á við úr þessu. Þetta muni allt koma á endanum.

Slóð: www.sa.is/frettir/almennar/nr/4819/



orðið vart í Breiðafirði og í Hvalfirði hafa þær fundist öll árin en aldrei farið yfir viðmiðunarmörk. Í Eyjafirði, hins vegar, hefur *Alexandrium* verið viðloðandi öll árin sem vöktunin hefur staðið yfir og farið yfir viðmiðunarmörk öll árin utan 2006.

LANDSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA

Fréttir

Á vefsíðu Landsambands fiskeldisstöðva er reglulega að finna fréttir af ýmsum málefnum fiskeldis. Það sem er af árinu hafa 13 fréttir verið birtar. Hér fyrir neðan er að finna mynd af forsiðu vef landsambandsins.

Framleiðsla

Á vefnum er að finna yfirlit yfir framleiðslu einstakra eldistegunda allt frá árinu

2001. Landsamband fiskeldisstöðva áætla að framleiðsla á árinu 2010 verði 5.280 tonn. Gert er ráð fyrir að framleiðsla á bleikju verði 2.500 tonn, laxi 1.400 tonn og þorski um 1.200 tonn. Gert er ráð fyrir að framleiðsla á öðrum tegundum verði undir 100 tonnum.

Slóð: www.lf.is/

VÖKTUN Á EITRÐUM ÞÖRUNGUM

Frá árinu 2005 hefur Hafranssóknastofnunin verið með vöktun á eitruðum þörungum í sjó á nokkrum stöðum hér við land.

Niðurstöður greininga og talninga eitruðum þörungum eru birtar jafnóðum á heimasíðu vöktunarinnar (www.hafro.is/ vöktun) og þar má fylgjast með því hvort og hvar eitruðum þörungum hafa fundist. Ef fjöldi eitruðum þörungum fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk er varað við neyslu skelfisks á svæðinu.


Helstu niðurstöður vöktunarinnar eru þær að fjöldi *Alexandrium* tegunda fór langt yfir viðmiðunarmörk um hættu á PSP-eitrun í skelfiski á öllum athugunarstöðunum (Hvalfjörður, Flatey, Stykkishólmur og Eyjafjörður) árið 2009. Mestur var fjöldinn yfir hásumarið og átti það við um allar stöðvar.

Áður hafði *Alexandrium* tegunda varla

Slóð: www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-152.pdf

Árið 2009 fór fjöldi *Dinophysis* tegunda yfir viðmiðunarmörk um hættu á DSP-eitrun í skelfiski á öllum stöðvum nema við Flatey í Breiðafirði. Mestur varð fjöldinn í Hvalfirði eins og undanfarin ár, en á því fimm ára tímabili sem vöktunin hefur staðið hefur fjöldinn almennt orðið mestur í Hvalfirði en minnstur við Flatey á Breiðafirði.

Tegundir *Dinophysis* hafa verið í svifinu öll árin sem vöktunin hefur staðið (2005-2009) á öllum sýnatökstöðvum. Fjöldinn hefur farið yfir viðmiðunarmörk um hættu á DSP-eitrun öll árin í Hvalfirði og Eyjafirði, en í Breiðafirði hefur fjöldi *Dinophysis* tegunda aldrei farið yfir viðmiðunarmörk á stöð við Flatey og aðeins einstöku sinnum árin 2006, 2007 og 2009 á stöð við Stykkishólm



ÖFLUGT MARKAÐSSTARF MIKILVÆGT Í FISKELDI SAMHERJA

Samtök atvinnulífsins gefa góða kynningu á markaðsstarfi stærsta framleiðandi eldisbleikju í heimi sem er fyrirtækið Íslandsbleikja á Reykjanesi en það er í eigu Samherja. Fyrirtækið hefur lagt mikla fjármuni í þróunarvinnu á liðnum árum en Samherji er með eldisstöðvar á fimm stöðum á

landinu. Auk eldis á bleikju elur Samherji lax, sandarhverfu og lúðu. Undanfarin þrjú ár hefur mikil áhersla verið lögð á markaðsstarf í fiskeldi Samherja en það getur ráðið úrslitum um hvort starfsemin ber sig eða ekki.

Slóð: www.sa.is/frettir/almennar/nr/4840/

Í viðtali við SA-TV segir Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri fiskeldis hjá Samherja, frá því hvernig eldið gengur og hvernig skilningur fólks á mikilvægi framleiðslu hefur aukist eftir bankahrúnið 2008.



SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN

Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhuga-menn.

Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Til að koma hugmyndinni í framkvæmd var Sjávarútvegsráðstefnan ehf. stofnuð þann 19. febrúar 2010 í Verbúðinni Víkin hjá Sjóminjasafninu í Reykjavík. Í stjórn félagsins eru Guðbrandur Sigurðsson sem er formaður stjórnar, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinnsson, Hjörtur Gíslason, Sjöfn Sigurgísladóttir og Svavar Svavarsson. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd sjávarútvegsráðstefnunnar sem haldin verður árlega og er tilgangur hennar m.a.:

- Stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg.
- Vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi.

Styrkja samvinnu og sambönd

Markmið sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af greininni til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Til að tryggja að ráðstefnugestir hafi nægan tíma til að spjalla, halda stutta fundi verða kaffitímar 30 mínútur og hádegismatur 90 mínútur. Til að sem flestir geti sótt sjávarútvegsráð-

stefnuna verða fengnir aðilar til að styrkja ráðstefnuna með það að markmiði að halda þátttökugjaldi í hófi.

Hvatning til góðra verka

Umræða um sjávarútveg hefur verið mjög neikvæð undanfarið en eitt af markmiðum með Sjávarútvegsráðstefnunni er að benda á það sem vel er gert og þau fjölmörgu tækifæri sem eru í íslenskum sjávarútvegi þrátt fyrir allt. Sjávarútvegsráðstefnan eru ekki hagsmunasamtök sjávarútvegsins eða einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu. Það verða því engar ályktanir gerðar á ráðstefnunni en vonast er til að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka sem ráðstefnugestir hafa sem veganesti í lok hennar.

Efnistöð

Viðfangsefni Sjávarútvegsráðstefnunnar verða fjölbreytt til að mæta þörfum sem flestra hópa innan greinarinnar. Lögð veður áhersla á að fjalla um það jákvæða, benda á tækifæri og horfa fram á veginn en varast að fara í „dægurþras“ sem er meira málefni hagsmunasamtaka. Það má gera ráð fyrir að efnistöð á næstu árum mótast mikið af þeim sem sitja í stjórn félagsins hverju sinni. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

Sjávarútvegsráðstefnan 2010

Fyrsta sjávarútvegsráðstefnan verður haldin 6.-7. september 2010 á Grand Hótel í Reykjavík. Heiti ráðstefnunnar

er „Sjávarútvegsráðstefnan 2010 – Hafsjór tækifæra“. Á ráðstefnunni verða haldin tæplega 30 erindi og hefst hún með setningu og nokkrum yfirlitserindum og að þeim loknum verður ráðstefnusálfnum skipt í tvo hluta. Í sal A verður fjallað um markaði og vörupróun, vörumerkið Ísland og umhverfismerkingar. Í sal B verður tekið fyrir tækifæri til verðmætasköpunar og sjávarútvegstengda ferðaþjónustu. Í lokin verður ráðstefnan í einum sal og þar kynntar samantektir úr málstofum, panel og almennar umræður.

Hluthafar og hluthafafundur

Samhliða sjávarútvegsráðstefnunni er haldinn hluthafafundur. Þeir sem hafa áhuga á að gerast hluthafar geta skráð sig á ráðstefnunni. Í lok sjávarútvegsráðstefnunnar verður hluthafafundur þar sem m.a. verður tekið fyrir kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn og rætt um undirbúning Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011. Til að sem flestir hafi möguleika á að gerast hluthafar er hver hlutur aðeins 5.000 krónur. Til að koma í veg fyrir að einstakir hluthafar verði of ráðandi getur enginn einstaklingur eða lögaðili átt meira en 5% hlutfjárins. Enginn arður er greiddur til hluthafa og hagnaður er settur í vara-sjóð og nýttur til fjármögnunar á ráðstefnum.

Næstu ráðstefnur og upplýsingamiðlun

Næstu sjávarútvegsráðstefnur verða framvegis haldnar í fyrstu viku marsmánaðar ár hvert. Á vef félagsins sem er www.sjavarutvegsgadstefnan.is gefst öllum tækifæri að koma með tillögur um efnistöð á næstu ráðstefnu og fulltrúa í stjórn félagsins. Á vefnum verður jafnframt hægt að sækja dagskrá og



skrá sig á ráðstefnuna. Í framtíðinni verður síðan hægt að sækja erindi og önnur gögn sem gefin verða út í tilefni ráðstefnanna.

Einnig fyrir fiskeldi

Þó að aðeins eitt erindi fjalli beint um fiskeldi „Tækifæri í fiskeldi“ er fjölmörg önnur erindi sem fjalla um ýms málefni greinarinnar, s.s. flutningur á ferskum fiski, merkingar, markaðsmál o.fl.

Sýnið aðhald í rekstri

Þeim sem vilja sýna aðhald í rekstri er bent á að ráðstefnugjald hjá þeim sem skrá sig fyrir 1. ágúst er 6.000 kr. Ráðstefnugjald hækkar síðan og er 12.000 kr. hjá þátttakendum sem skrá sig nokkrum dögum fyrir ráðstefnu eða á ráðstefnunni sjálfri. Nemar greiða hálf tákstefnugjald.

Tilgangur Sjávarútvegsráðstefnunnar er að:

- Stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg.
- Vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi.



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

Hafsjór tækifæra

6. - 7. september 2010

Verður haldin í Gullteigi, Grand Hótel Reykjavík.

Fyrri dagur: Mánudagurinn 6. september

Ráðstefnan sett

1. Íslenskur sjávarútvegur Fundarstjóri: Arndís Ármann Steinþórsdóttir

09:00 Skráning

10:00	Setning ráðstefnunnar	Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
10:10	Sjávarútvegsráðstefnan - hugmyndafræði, skipulag og tækifæri.	Guðbrandur Sigurðsson
10:20	Getur íslenskur sjávarútvegur vaxið um 50 milljarða á næstu 5 árum?	Kristján Hjaltason
10:40	Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi – samkeppnishæfni.	Kristján Davíðsson
11:00	Rannsóknir og nýsköpun í alþjóðlegu samhengi.	Sjófn Sigurgísladóttir
11:20	Verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi.	Kristján G. Jóakimsson
11:40	Umræður.	
12:00	Hádegismatur.	

Málstofa A

2. Markaðsmál og vörupróun Málfundastjóri: Svavar Svavarsson

13:30	Þróun sölu- og markaðsmála í íslenskum sjávarútvegi á undanförunum árum.	Egbert Benedikt Guðmundsson
13:50	Hvernig er markaður fyrir sjávarafurðir að breytast og hvernig svörum við þeim breytingum?	Ingvar Eyfjörð
14:10	Markaðsfærsla hjá smærri fyrirtækjum.	Erla Björg Guðrúnardóttir
14:30	Vörupróun matvæla í samvinnu við erlenda smásala.	Halldór Þórarinnsson
14:50	Umræður.	
15:10	Kaffi.	

3. Vörumerkið Ísland Málfundastjóri: Pétur Bjarnason

15:40	Er ávinningur af íslenskum uppruna?	Halldór G. Eyjólfsson
16:00	Hafa íslenskar sjávarafurðir og/eða vörumerki sérstöðu á mörkuðum erlendis?	Ævar Agnarsson
16:20	Er ávinningur af því að markaðsfæra undir sameiginlegu gæða- og/eða landsmerki?	Sigurður Ágústsson
16:40	Umræður.	
17:00	Ráðstefnuslit á fyrri degi.	

6. Móttaka

Í boði HB Granda, Grandagarði. 17:30 til 19:00

10. Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

12:45	Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2011 o.fl.
13:30	Fundi slitið

Seinni dagur: Þriðjudagurinn 7. september

Málstofa A

7. Umhverfismerkingar Málfustjóri: Alda Möller

09:00	Leiða umhverfismerkingar til betri fiskveiðistjórnunar?	Grímur Valdimarsson
09:20	Kynning á Maine Stewardship Council.	Gísli Gíslason
09:40	Íslenska umhverfismerkið og vottunarferlið.	Kristján Þórarinnsson
10:00	Viðhorf viðskiptavina.	Martin Hofstede
10:20	Umræður	
10:40	Kaffi	

Málstofa B

8. Ferðapjónusta og sjávarútvegur Málfustjóri: Lára Pétursdóttir

09:00	Staða og þróun ferðapjónustunnar.	Erna Hauksdóttir
09:20	Íslensk strandmenning og hvalaskoðun.	Hörður Sigurbjarnason
09:40	Sjávarfang og ferðapjónusta.	Guðmundur H. Gunnarsson
10:00	Grunnur að framförum – stefnumörkun og vaxtarskilyrði. Marine Tourism á Íslandi. Lærdómur brautryðjenda hér á landi og erlendis.	Viktória Rán Ólafsdóttir
10:20	Umræður.	
10:40	Kaffi.	

Sameiginleg málstofa

9. Samantekt og umræður Fundarstjóri: Guðbrandur Sigurðsson

11:10	Markaðsmál, uppruni og umhverfismerkingar.	Jón Þrándur Stefánsson
11:25	Tækifæri til þróunar og verðmætasköpunar.	Sigurður Bogason
11:40	Panelumræður.	
12:30	Ráðstefnuslit.	